

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 20060003

Ákvörðun nr. 46/2023

Þann 27. september 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 46/2023.

Málsatvik

Í byrjun júní 2020 ákvað nefndin að taka til athugunar að eigin frumkvæði sbr. c. lið 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, mál er varðaði aðgerðir sérsveitar ríkislögreglustjóra í [REDACTED] þann 31. maí 2020. Ákvörðunin var tekin í kjölfar fréttáflutnings af atvikinu sem fjallaði m.a. um handtöku [REDACTED] í aðgerðunum.

Með bréfi dags. 5. júní 2020 kallaði nefndin eftir upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra er vörðuðu umrætt atvik ásamt myndbandsupptökum, væru þær fyrirleggjandi.

Í svari embættis ríkislögreglustjóra dags. 11. júní 2020 var meðfylgjandi greinargerð aðstoðaryfirlögregluþjóns og yfirmanns sérsveitar. Vísaði embættið beiðni um frekari gögn til embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem hafði málið á sínu forræði.

Með bréfi dags. 15. júní 2020 óskaði nefndin því eftir frekari gögnum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna atviksins. Umbeðin gögn bárust nefndinni ásamt bréfi dags. 29. september 2020. Meðal gagna voru skýrslur vegna málsins og upptaka úr búkmyndavél af vettvangi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir atvikið og þau gögn sem henni bárust frá embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Eftir yfirferð nefndarinnar á meðfylgjandi upptökum og með hliðsjón af þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis.

Niðurstaða

Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna málsins.

Reykjavík, 27. september 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir